

Alþingi v/Austurvöll
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
150 REYKJAVÍK

Hafnarfirði, 8. apríl 2021
2101004KA

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 622. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis sem barst 27. mars sl. vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008 sem er til meðferðar hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Isavia ohf. lýsir ánægju sinni með þau áform sem lýst er í frumvarpinu um að efla almannavarnir sem og nýlega stefnumótun stjórnvalda á sviði almannavarna og öryggismála sem frumvarpinu er m.a. ætlað að innleiða.

Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til breyting þar sem Isavia ohf. kemur í stað *Flugstöðir*. Þessi breyting endurspeglar breytingu á heiti félagsins frá árinu 2010 og má segja að sé tímabær svo langt sem hún nær.

Af þessu tilefni vill félagið vekja athygli á að Isavia ohf. hefur verið skipt upp þannig að samstæðan samanstandur m.a. af Isavia ohf., Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. Um leið má velta fyrir sér hvort að heppilegt sé að tilgreina sérstaklega nöfn lögaðila í lögum sem hafa síðan tilhneigingu til að breytast. Þannig mætti t.d. kveða á um að rekstraraðilar flugvalla og flugleiðsögu tilnefni aðila í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar, sem gætu verið fleiri en einn. Ekki þar fyrir að samtal og samráð innan samstæðunnar um verkefni samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar verði auðleyst en stundum er ágætt og gagnsærra að það samtal sé í stærri hópi sem málið varðar. Vakin er athygli á þessu og um leið að tilgreining á fjölda í stjórn (ellefu) mætti fella út þar sem fjöldinn gæti verið breytilegur.

Félagið þakkar fyrir að fá að koma að athugasemdum við frumvarpið og er tilbúið til að hitta nefndina til að fara yfir þessi sjónarmið ef þess er óskað.

Fyrir hönd Isavia ohf.

Karl Alvarsson, yfirlögfræðingur

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 8. apríl 2021

Athugasemdir við mál 622, frumvarp til breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Rannsóknarnefnd almannavarna samþykkti á fundi sínum, 8.4.2021 að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og greinargerð með því.

Rannsóknarnefnd almannavarna var komið á með IX. kafla laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Samkvæmt 15. til 18. gr. frumvarps þess sem er til umræðu á Alþingi nú, vegna breytinga á lögum um almannavarnir, er lagt til að rannsóknarnefnd almannavarna verði felld niður.

Gerði nefndin athugasemdir við breytingu á IX. kafla laganna í samráðsgátt stjórnarráðsins þann 7. febrúar sl. Við lestur á greinargerð með lagafrumvarpinu virðist sem þær athugasemdir hafi ekki verið teknar til efnisumfjöllunar og er afrit af þeim athugasemdum sent hér með þessu erindi til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Rannsóknarnefnd almannavarna óskar eftir því að fá að koma á fund Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til að upplýsa nefndina um störf sín og frekari rök fyrir athugasemdum sínum við fyrirbyggjandi frumvarp um breytingar á almannavarnalögum.

Núverandi nefndarmenn voru kosnir í nefndina af Alþingi þann 27.11. 2019. Hluti þeirra sat líka í síðustu nefnd. Hvers vegna nefndin hafði ekki tekið til starfa fyrr, er saga sem hollt væri að læra af. Minnt er á að á síðasta tímabili gekk formður nefndarinnar á fund hvers dómsmálaráðherra á eftir öðrum, 6 talsins, til að leita eftir fjárveitingu, starfsaðstöðu og reglugerð, en án árangurs. Reglugerð fyrir nefndina hefur ekki ennþá verið sett.

Rannsóknarnefnd almannavarna hefur hafið störf og er komin á veg með rannsókn á því fyrsta verkefni sem hún hefur tekið fyrir, en það varðar óveður sem gekk yfir landið, einkum Norðurland, í desember 2019. Þá hefur hún einnig lagt talsverða vinnu í að móta þann grunn sem hún vinnur á, sett sér starfsreglur og vinnur að gerð eigin handbókar um verklag sitt. Fjármögnun og aðstaða fyrir störf nefndarinnar er hins vegar ennþá ábótavant.


Greinargerðin sem fylgdi í afgreiðslu nágildandi laga árið 2008 gerir skýra grein fyrir mikilvægi slíkrar nefndar og hve mikilvægt er að tryggja starfsgrundvöll hennar og að hún geti starfað sem mest óháð, eins og segir í greinargerðinni frá 2008: „...að þar með er tryggt að

framkvæmdavaldið verði ekki sakað um hlutdrægni við val á mönnum til að rannsaka gerðir þess sjálfs eða aðila sem starfa á ábyrgð þess.“ Rannsóknarnefnd almannavarna telur að þær ástæður sem lágu til grundvallar því að skipa sérstaka rannsóknarnefnd almannavarna samkvæmt núgildandi lögum, séu enn til. Sú tillaga í núverandi frumvarpi að fela ábyrgðaraðilum almannavarna aðgerða að sitja einir að rýni aðgerða að þeim loknum, með þeirri undantekningu að sömu ábyrgðaraðilar eða ráðherra sem æðsti yfirmaður geti kallað eftir ytri rýni þegar þeim þóknast svo, er skýr stefnubreyting frá því að hafa lagaákvæði um sjálfstæða rannsóknarnefnd fyrir þennan mikilvæga málaflokk. Nefndin leggur samt áherslu á mikilvægi þess að þeir sem koma að aðgerðum rýni þær eftir á, en á því hafa því miður verið nokkur vanhöld þótt margar góðar rýnskýrslur séu líka til.

Í greinargerð með frumvarpinu að breytingum á almannavarnalögum, er sagt að til standi að endurskoða löggin í heild sinni. Rannsóknarnefnd almannavarna telur að algjörlega sé ótímabært að leggja nefndina niður, rétt eftir að hún hefur tekið til starfa og ekki enn fengið tækifæri til að skila rannsóknarniðurstöðu eða gera grein fyrir störfum sínum og starfsáformum. Ekki eru færð fram rök fyrir hvað reki á eftir því að leysa nefndina upp áður en boðuð heildar endurskoðun almannavarnalaga fer fram. Það að halda rannsóknarnefnd almannavarna áfram, breytir engu um það að hægt er að koma öllum öðrum breytingartillögum frumvarpsins í gegn. Innri rýni viðbragðsaðila verður ennþá jafn þörf og möguleikinn á að kalla eftir ytri rýni dettur ekkert út. Það mun hins vegar fást reynsla á það hvað rannsóknarnefnd almannavarna gerir og getur gert, eftir að hún fær grundvöll til að starfa. Verði það lítils virði, verður Alþingi auðvitað að bregðast við því. Fram að því mælist rannsóknarnefnd almannavarna til að Alþingi fylgi því eftir að gildandi lögum sem sett voru árið 2008 verði framfylgt og tryggji rannsóknarnefnd almannavarna fjárveitingu og starfsaðstöðu til að sinna lögboðnum skyldum sínum líka.

Rannsóknarnefndar almannavarna bíða mörg mikilvæg verkefni, enda ekki verið tíðindalítið í verkefnum almannavarna frá því núverandi nefnd var kosin. Þessum verkefnum er brýnt að sinna og rannsóknarnefnd almannavarna er reiðubúin til að ganga til þeirra verka eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Rannsóknarnefndar almannavarna



Garðar Mýrdal
formaður

Dómsmálaráðuneytið

Skrifstofa réttar og almannaöryggis

7. febrúar 2021

Rannsóknarnefnd almannavarna gerir alvarlegar athugasemdir við breytingar á lögum um almannavarnir nr. 82/2008 með síðari breytingum, þá sérstaklega 14. gr. frumvarpsins.

Við heildarendurskoðun laga um almannavarnir nr. 82 frá 2008 var Rannsóknarnefnd almannavarna innbyggð í skipulag almannavarna í fyrsta sinn. Nefndinni er ætlað að rannsaka almannavarnaatvik með það að markmiði að nýta lærdóminn til að stuðla að umbótum innan almannavarnakerfisins. Nefndin skal gera tillögur til viðbragðsaðila og stjórnvalda um úrbætur innan kerfisins. Lokaskýrslu um niðurstöðu rannsóknar og úrbótatillögur skal skila með formlegum hætti til dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjarnefndar Alþingis.

Sjálfstæði nefndarinnar er tryggt með því að hún starfi í umboði Alþingis og þannig komið í veg fyrir að framkvæmdavaldið rannsaki eigin aðgerðir eða þeirra aðila sem starfi á ábyrgðasviði þess.

Á grundvelli laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber dómsmálaráðherra að setja reglugerð um starfsemi Rannsóknarnefnd almannavarna. Í lok desember 2019 birti dómsmálaráðuneyti drög að reglugerð um Rannsóknarnefnd almannavarna til umsagnar á Samráðsgátt. Þar kemur fram að drögin kveði á um skipulag rannsóknarnefndar almannavarna og málsmeðferð, heimildir hennar og skyldur, sbr. IX. kafla laga um almannavarnir nr. 82/2008.

Athugasemdir við 28. gr. laganna.

Með breytingu á 28. gr. laganna er verið að falla frá því að hlutlaus þriðji aðili rýni og rannsaki feril viðbragðsaðila þegar að almannavarnarástandi er lýst yfir og því lokið.

Með setningu 28. gr. laganna um rýnifund ríkislögreglustjóra er verið að færa rannsóknarskyldu rannsóknarnefndarinnar yfir til ríkislögreglustjóra sem fer með stjórn almannavarna. Verið er að fela ríkislögreglustjóra að rýna og rannsaka þær stofnanir sem heyra undir lög um almannavarnir. Er því ríkislögreglustjóri að rýna sína eigin framkvæmd og verk undirstofnan og viðbragðsaðila sem störfuðu í almannavarnaáðgerð.

Með þessu fyrirkomulagi er loku fyrir það skotið að óháður aðili rannsaki framkvæmd og aðkomu undirstofnana og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Er verið að stíga stórt skref afturábak með þessu fyrirkomulagi.

Árið 2017 var lögð fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra á Alþingi. Spurt var um málefni Rannsóknarnefndar almannavarna sem bæri samkvæmt lögum um almannavarnir að starfa og rannsaka viðbragðsáætlanir, viðbrögð viðbragðsaðila og fleira að afloknu hættuástandi. Í svari dómsmálaráðherra um hans mat á mikilvægi rannsóknarnefndarinnar kom fram að nefndin væri sjálfstæð og starfaði í umboði Alþingis. Hún ætti að rýna og meta framkvæmdir almannavarna svo að draga megi lærdóm af reynslunni og stuðla þannig að umbótum innan almannavarnakerfisins. Þá kom einnig fram í svari ráðherra að með þessu fyrirkomulagi sé komið í veg fyrir að framkvæmdavaldið rannsaki eigin aðgerðir eða þeirra aðila sem starfi á ábyrgðasviði þess.

Með frumvarpi þessu er því verið að falla frá þessu sjónarmiði dómsmálaráðherra og rökum fyrir stofnun rannsóknarnefndar almannavarna við setningu laganna 2008.

Athugasemdir við 29. gr. laganna.

Með nýrri 29. gr. laganna, samkvæmt frumvarpinu, er stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, sem skipuð er fulltrúum þeirra viðbragðsaðila sem starfa í stöðinni, heimilt að láta þriðja aðila vinna skýrslu um aðgerðir eða aðgerðarleysi viðbragðsaðila.

Í 2.mgr. segir að ráðherra geti láti vinna skýrslu skv. 1.mgr. þegar hann telur að skýrslugerð skv. 1. mgr. veita ekki fullnægjandi svör við álitaeftum í kjölfar hættu- eða neyðarástands. Með slíku orðalagi virðist því sem rýni ráðherra sé háð því að gerð sé skýrsla skv. 1.mgr. þ.e. skýrsla sem byggir á ákvörðun stjórnar samhæfingar og stjórnstöðvar um frekari skoðun. Um sama atriði kemur fram í 3. hluta greinargerðar að stjórn Samhæfingar- og stjórnstöðvar geti falið utanaðkomandi aðila að vinna skýrslu að almannavarnastigi afléttu og að rýnifundi loknum sé talin þörf á því og að ráðherra fái sömu heimild. Síðar í sama hluta segir þó að ráðherra geti nýtt sér heimild til rýni þegar hann telur nauðsynlegt, þ.e. ef skýrsla að beiðni samhæfingar og stjórnstöðvar þykir ekki hafa gert nægilega skýra grein fyrir álitaeftum sem óskað var eftir að svara í kjölfar hættu- eða neyðarástands. Þetta orðalag er óljóst og þarf að skerpa á til að það valdi ekki misskilningi.

Nefndin minnir á að í gildandi lögum um almannavarnir eru bæði ákvæði um viðtækar heimildir rannsóknarnefndar almannavarna til gagnaöflunar og ríkrar trúnaðarskyldu um meðferð upplýsinga og gagna. Slíkt sjálfstæði og heimildir sérfræðinga til gagnaöflunar er ekki tilgreint í frumvarpinu.

Ekki er fjallað um aðkomu Alþingis að málum líkt og í gildandi lögum um almannavarnir.

Með þessu fyrirkomulagi er verið að falla frá því að hlutlægt gegnsætt mat verði lagt á störf viðbragðsaðila. Er þetta fyrirkomulag haldlaust og hefur enga lagalega þýðingu kjósi stjórn samhæfingar- og stjórnstöðva að loka málum, hvort sem störf viðbragðsaðila eru aðfinnsluverð, þarfnist skýringa eða þarfnist úrbóta. Er verið að stíga stórt skref afturábak með þessu fyrirkomulagi.

Athugasemd við greinargerð 14. gr. frumvarpsins.

Nefndin tekur undir að breytinga er þörf á IX. kafla laganna, en í þeim tilgangi að skerpa á hlutverki rannsóknarnefndarinnar og tryggja henni fjármagn til að geta sinnt lögbundnu starfi sínu.

Í athugasemdum með 14. gr. frumvarpsins segir m.a. að það fyrirkomulag sem lögleiðing rannsóknarnefndar almannavarna hafi átt að vera hafi aldrei virkað sem skyldi. Að henni sé ekki markaður nægilega skýr grundvöllur, hæfniskröfur til nefndaramanna skortir, ekki er nægilega skýrt kveðið á um hvenær nefndin skal taka til starfa og fyrirkomulagið hefur reynst bæði þungt og óskilvirkt. Nefndinni hafi í raun aldrei verið tryggð sú fjármögnun eða aðstaða sem til þurfi svo hún geti starfað með þeim hætti sem núgildandi lög kveði á um.

Rannsóknarnefnd almannavarna var sett á fót með lögum um almannavarnir árið 2008. Nefndin hefur ekki verið á fjárlögum og ekki verið tryggt fjármagn til að sinna skyldu fram til ársloka 2019 þegar dómsmálaráðherra fól nefndinni að gera ítarlega rannsókn á óveðri sem gekk yfir landið í desember það ár. Árlega hafa mörg áföll dunið yfir frá þeim tíma sem ekki hafa verið rannsökuð, en falla undir hlutverk rannsóknarnefndarinnar. Átti nefndin fyrst og fremst að tryggja rannsókn á því hvernig staðið sé að viðbrögðum og framkvæmd viðbragðsáætlana og gera tillögur að úrbótum. Þá segir að fullyrða megi að núgildandi fyrirkomulag hafi ekki náð þeim tilgangi sem stefnt hafi verið að.

Hvað varðar starfsframmann um rannsóknarnefnd almannavarna þá ber dómsmálaráðherra setja reglugerð um Rannsóknarnefnd almannavarna skv. IX. kafla laga um almannavarnir nr. 82/2008. Slík reglugerð hefur ekki verið sett. Rannsóknarnefndin kom þó fyrst að mótun slíkrar reglugerðar árið 2015. Í lok desember 2019 birti dómsmálaráðuneyti drög að reglugerð á Samráðsgátt til umsagnar eins og fram kom í inngangi. Þar er fjallað um skipulag rannsóknarnefndar almannavarna og málsmeðferð, heimildir hennar og skyldur, sbr. IX. kafla laga um almannavarnir nr. 82/2008. Þar sem reglugerðin var ekki fyrir hendi þegar nefndin tók til starfa í mars 2020 mótaði nefndin starfsreglur sem byggðu á reglugerðardrögunum. Í drögunum er m.a. fjallað um hæfi nefndarmanna, þagnarskyldu, trúnað, meðferð gagna og upplýsingaskyldu.

Frumorsök þess að Rannsóknarnefnd almannavarna hefur ekki getað sinnt skyldu sinni hingað til er sú að hún hefur verið fjársvelt. Dómsmálaráðherra veitti sérstakan styrk til nefndarinnar til að rannsaka fárviðri það sem skapaðist um allt land í desember 2019. Í erindisbréfi dnr frá 25. febrúar var nefndinni falið að leggja kerfisbundið mat á alla hringrás almannavarna þannig að draga megi lærdóm af því hvernig samhæfð almannavarnaviðbrögð reyndust í framkvæmd. Nokkurn tíma tók að koma upp aðstöðu, móta starfsreglur um störf nefndarinnar og staðla verkferla. Dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra var tilkynnt formlega um miðjan maí um upphaf rannsóknar. Þá hafa smitvarnaráhrif almannavarna vegna Covid-19 komið í veg fyrir að nefndin hafi getað starfað af krafti á árinu 2020. Er því fyrst og fremst við fjárveitingavaldið að eiga svo og þann ráðherra sem málaflokkurinn heyrir undir. Í því sambandi ber að geta þess að líkt og árin frá 2008 er ekki gert ráð fyrir rekstri Rannsóknarnefndar almannavarna á fjárlögum ríkisins fyrir árið 2021.

Þá kemur fram í greinargerðinni um 14. gr. frumvarpsins að lögfest sé skylda almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra til þess að halda rýnifund með viðbragðaðilum sem voru

virkaðir vegna aðgerða. Lagt er til að rýnifundur sé haldinn sem allra fyrst eftir að almannavarnarstigi hefur verið aflétt og hámarksfrestur til að halda slíkan fund sé einn mánuður frá því að almannavarnarstigi var aflétt.

Samkvæmt þessu er það ríkislögreglustjóri sem fer með forræði á slíkum rýnifundum og þar með hefur hann eftirlit með sjálfum sér/stofnun sinni og undirstofnunum. Er þetta fyrirkomulag algjörlega í andstöðu við gegnsæi og eftirlit með ríkisstofnunum. Enginn á að vera dómari í eigin sök.

Telur nefndin þetta fyrirkomulag um stigskipta rýni vera skref í ranga átt enda sé verið að falla frá því að hlutlæg og gegnsæ rannsókn fari fram. Með þessu fyrirkomulagi er framkvæmdavaldið að rannsaka eigin aðgerðir og þeirra aðila sem starfa á ábyrgðarsviði þess.

Rannsóknarnefnd almannavarna telur að við heildar endurskoðun almannavarnalaga þurfi að tryggja betur stjórnsýslulega stöðu nefndarinnar og fjármagn þannig að hún geti sinnt þeim verkefnum sem henni ber að sinna samkvæmt lögum. Sjálfstæði nefndarinnar skal áfram tryggt með því að hún heyri undir Alþingi.

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar almannavarna,

Herdís Sigurjónsdóttir, formaður

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofu Alþingis - nefndasviði
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr.82/2008. Þingskjal 1077, 622. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjalmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008

Pingskjal 1077, 622. mál

Almennt um frumvarpið

Rauði krossinn á Íslandi telur frumvarpið í heild sinni vera til mikilla bóta og að þær meginbreytingar sem koma fram í því endurspegli hvernig almannavarnir starfa í raun. Þá skýrir það að miklu leyti þætti sem eru ekki nægilega skýrir í núgildandi lögum, s.s. verkaskiptingu milli almannavarnanefnda og lögreglustjóra annars vegar og verkswið stjórnar Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna hins vegar. Þá er það fyrirkomulag við rýni aðgerða sem lagt er til í frumvarpinu mjög til bóta.

Félagið fagnar þeirri viðbót í 4. mgr. c-lið 6. gr. frumvarpsins sem felst í því að sterkur lagalegur grundvöllur verði eftirleiddis fyrir hendi varðandi móttöku erlends hjálparliðs á neyðarstundu. Rauði krossinn á Íslandi leiddi fjölþjóðlegt verkefni fyrir nokkrum árum þar sem rannsakaðir voru þættir sem geta tafið eða hindrað aðflutning bjarga í viðkomandi ríkjum. Rannsóknin leiddi berlega í ljós að margt í regluverkinu gæti svo sannarlega flækt bæði ákvarðanatöku og framkvæmd, auk þess sem ekki væri ljóst hver hefði heimild til að kalla eftir utanaðkomandi björgum. Lokaskýrsla verkefnisins er vistuð á [vefsíðu Almannavarna ESB](#).

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) starfrækir deild sem hefur það hlutverk að aðstoða stjórnvöld svo regluverk viðkomandi ríkja styðji við hraða og skilvirka aðstoð yfir landamæri á hættustundu. Sjá nánar [hér](#).

Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram styður Rauði krossinn frumvarpið og hefur engar athugasemdir við einstaka greinar þess. Starfsfólk félagsins er reiðubúið að eiga samskipti við allsherjar- og menntamálanefnd svo frekar megi gera grein fyrir afstöðu þess.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2021

2103042SA KB
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir,
nr. 82/2008, 622. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 27. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, 622. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á hugtökum á sviði almannavarna til að skilgreina betur hvenær valdheimildir almannavarnayfirvalda eru virkjaðar, að bráðabirgðaákvæði um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila verði fært varanlega inn í lögín, að færa lögreglustjórum í héraði beina aðkomu að gerð viðbragðsáætlana og hættumata ásamt því að leggja niður rannsóknarnefnd almannavarna og í hennar stað kemur þrepaskipt kerfi við rýni að afléttu almannavarnarstigi.

Borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila

Eins og fram hefur komið er með frumvarpinu lagt til að efni bráðabirgðaákvæðis II um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna, sem upphaflega var bætt við lögín með lögum 27/2020, verði varanleg heimild. Tiltekið er í greinargerð að góð reynsla hafi verið af beitingu þess við allar þær skipulagsbreytingar sem opinberir aðilar hafa þurft að gera vegna samkomubanns, 2 metra reglu og margs konar annarra takmarkana til að bregðast við kórónuveirufaraldrinum.

Umrætt bráðabirgðaákvæði hefur gert sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri velferðarþjónustu ásamt því að tryggja opnun leik- og grunnskóla meðan heimsfaraldur hefur gengið yfir með tilheyrandi áhrifum á samfélagið. Sem dæmi hafa sveitarfélög nýtt starfskrafta starfsfólks íþróttamiðstöðva og sundlauga, er voru tímabundið lokaðar, til að halda úti nauðsynlegri þjónustu eins og sólarhringsopnun á húsnæði fyrir heimilislausa og útkeyrslu á mat fyrir eldra fólk. Í skólamállum hefur ákvæðið tryggt að einfaldara er að breyta starfsemi leik- og grunnskóla með skömmum fyrirvara, allt eftir því hvaða takmarkanir eru í gildi hverju sinni. Sambandið styður því heilshugar að umrædd heimild verði lögfest með varanlegum hætti.

Að lokum

Sambandið styður aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur til bóta að skilgreining á orðinu hættustund sé færð inn í lögín. Að mati sambandsins þarf þó að gera frekari breytingar á lögnum með hliðsjón af reynslu sveitarfélaga

síðasta árið og hlutverk þeirra við neyðarstjórn. Í ljósi þess að stefnt er að heildarendurskoðun á lögnum er fullnægjandi að tillögur um breytingar á grunni reynslu sveitarfélaga séu hluti af þeirri heildarendurskoðun. Mikilvægt er þó að sambandið sé fullgildur þátttakandi í þeirri endurskoðunarvinnu en ekki eingöngu umsagnaraðili enda eru sveitarfélög einn af lykilaðilum í almannavörnum og bera ábyrgð á umsjón almannavarna í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, sbr. 2. gr. laga um almannavarnir.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Reykjavík 9. apríl 2021

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um frumvarp til laga um Almannavarnir

Með tölvupósti dags. 27. Mars s.l. var kallað eftir umsögnum um frumvarp til laga um Almannavarnir.

SL lýsir ánægju sinni með þau áform sem lýst er í frumvarpinu sem verða til þess að skýra ýmsa þætti í almannavarnarkerfinu. SL finnst mikilvægt að á næst árum verði farið í heildræna endurskoðun á lögunum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg (kt: 560499-2139) hér eftir skammstafað SL vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

15. grein frumvarpsins (28. grein laga um almannavarnir: Rýnifundir ríkislögreglustjóra)

SL fagnar því að rýniskylda sé sett á allar aðgerðir í almannavarnakerfinu. SL vill vekja athygli á því að óheppilegt er að binda virkjun rýnifundar við afléttingu á almannavarnastigi. Innan hverrar aðgerðar geta verið fleiri en eitt almannavarnastig þar sem farið er frá óvissustigi yfir á hættustig og að lokum yfir á neyðarstig eða að farið sé beint á og af tilteknu almannavarnastigi.

Atburðir sem varða öryggi almennings geta staðið yfir í langan tíma, jafnvel svo árum skiptir áður en almannavarnastigi er aflétt. Því er afar mikilvægt að rýni aðgerða geti hafist samhliða langtíma aðgerðum með rýni ákveðinna tímabila eða fasa aðgerðarinnar á meðan atburðir eru þátttakendum í fersku minni. Þannig ætti í stærri langtímaaðgerðum að rýna sérstaklega björgunarpátt aðgerðar aðskilið frá endurreisnarþættinum enda er oft lítið sniðmengi milli þátttakenda í þeim verkþáttum.

Einnig telur SL mikilvægt að þátttakendur í aðgerð geti kallað eftir rýnifundi þegar þurfa þykir.



„Athugasemdir varðandi gildandi lög sem veganesti í heildarendurskoðun

Hér eftir fara nokkur áherslumál sem SL telur að séu mikilvæg við fyrirhugaða heildarendurskoðun almannavarnalaganna.

- SL hefur ítrekað bent á að mikilvægt sé að tryggja sjálfstæði Almannavarna og að ekki sé heppilegt að almannavarnir séu undir stjórn eins viðbragðsaðila.
- Mikilvægt er að klára innleiðingu á SÁBF meðal allra viðbragðsaðila og þarf sérstaklega að horfa þar til samspili SÁBF og IAMSAR í leit og björgun á hafinu og lofthelgi Íslands.
- Mikilvægt er að efla viðbragðsáætlanagerð til að tryggja fumlaus og samhæfð viðbrögð.
- Mikilvægt að tryggja sérgreint fjármagn í árlegan rekstur Samhæfingarstöðvarinnar.
- Skoða mætti ákvæði um almannavarnanefndir. Skýra betur hvaða aðilar eigi sæti í almannavarnanefndum og á hvaða forsendum. Hvað varðar forvarnahlutverk almannavarnanefnda þá væri æskilegt að SL og RKÍ ættu föst sæti í almannavarnanefndum í ljósi slysavarnahlutverk samtakanna.
- Huga mætti að því að tryggja í lögum að aðgerðastjórnnum sé tryggð ásættanleg aðstaða í hverju umdæmi.
- Kveða mætti á um í nýjum lögum að allir viðbragðsaðilar sem eru með hlutverk í viðbragðsáætlun staðfesti áætlunina með sinni undirritun til að fyrirbyggja að aðilar séu skrifaðir inn í áætlun án þeirra vitundar.
- Endurskoða má kostnaðarskiptingu milli sveitafélaga og ríkis vegna almannavarna. Mikilvægt er að engin óvissa sé með hvaða kostnaðarskipting sé í almannaáðgerðum.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið og vonast til að athugasemdin verði tekin til greina við setningu laganna.


Kristján Þór Harðarson
Framkvæmdastjóri



Til umhugsunar vegna þingmáls 622. – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008

Vandinn við að fjölga orðinu „lögreglustjóri“, eins og frumvarpið leggur til.

1. Frumvarpið nær ekki að „skýra hlutverk“, eins og sagt er í greinargerðinni, heldur er verið að fjölga þeim sem eiga að vinna að sama verkefninu án þess að tilgreina hlutverk hvers og eins. Til þess að *skýra* hlutverk þarf bæði að lýsa hlutverkunum og útskýra muninn á milli hlutverka mismunandi aðila. Hér er bara verið að setja fleiri saman í hóp, sem er ekki hjálplegt og eykur flækjustig.
2. Af hverju er verið að tvítelja lögreglustjóra í sambandi við almannavarnanefndir? Það kemur engin skýring á því.
3. Það flækir málin að ekki sé skýrt fyrir hverja er verið að gera viðbragðsáætlanir. Það þarf að útbúa margs konar viðbragðsáætlanir (t.d. fyrir sveitarfélögin sjálf, fyrir hvern viðbragðsaðila og sameiginlega áætlun um samstarf). Þegar ekki er ljóst við hvað er átt og má skilja að lögregla eigi að gera viðbragðsáætlun fyrir innra starf sveitarfélaga, sem náttúrulega getur ekki gengið. Ljóst er að lögreglustjóri getur ekki farið framhjá sveitarstjóra og sagt starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir verkum.
4. Ef átt við viðbragðsáætlun um samstarf viðbragðsaðila væri til bóta að útskýra það.

Sveitarfélög vs. almannavarnanefnd

5. Lögin þurfa að vera skýrari varðandi þátt sveitarfélaga annars vegar og samvinnu í samráðsnefndum hins vegar. Almannavarnanefndir eru samráðsnefndir, sérstaklega þegar um mörg sveitarfélög er að ræða. Bæjarstjórar annarra sveitarfélaga hafa ekki stjórnáráðuneytið innan hinna sveitarfélagana.
6. Þetta kemur oft fram á fundum í AÁ að nefndin er mjög veik stjórnáráðuneytið séð því að hún getur ekki sagt sveitarfélögum fyrir verkum. Hún er bara samráðsnefnd. Sveitarfélögin ráða hvað gerist innan dyra hjá þeim. Því þarf fókussinn að vera á sveitarfélagið, ef verið er að tala um ábyrgð á verkefnum.

Sjónarmið sveitarfélaga

7. Sjónarmið sveitarfélaga ná mun lengra fram í tímann en sjónarmið lögreglustjóra. Þau eiga samleið bara í blá byrjun, en sveitarfélög geta verið í mörg ár að huga að verkefnum og eru þá oft farin að vinna meira með forsætisráðuneytið og öðrum ráðuneytum.
8. Starfsmannafjöldi hjá flestum sveitarfélögum er mun fleiri en hjá lögreglustjóra. Árborg er með 1.000 starfsmenn sem þarf að taka tillit til í viðbragðsáætlun.
9. Sveitarfélög eru hins vegar ekki að samhæfa marga ólíka viðbragðsaðila, eins og lögreglustjóri er að gera, heldur að hugsa um sínar deildir, sitt starfsfólk og að halda uppi þjónustu. Verkefnið er allt annað en það sem lögreglustjórar gera og því er samleiðin takmörkuð. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar verið er að „skýra hlutverk“.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fagleg þekking á áhættugreiningu

10. Áhættumat (-greining) er sérhæfð vinna, en frumvarpið fjallar um það eins og það sé einfalt að útbúa.
11. Áhættugreining er vel skilgreint vísindalegt hugtak. Áfallaþol ekki (alla vega ekki eins vel þekkt). Gott væri að skýra bæði hugtökin.
12. Suma þætti í áhættugreiningu má samnýta á meðal margra aðila eins og t.d. meðal sveitarfélaga og lögreglustjóra, annað er sérhæft fyrir tiltekna aðila.
13. Almannaþingadeild vinnur að áhættuskoðun (einfalt mat) og lögreglan hefur tekið þátt í því. Hverju er í raun verið að reyna að ná fram í frumvarpinu sem ekki væri hægt að gera án þessara lagabreytinga? Það er eins og verið sé að ná fram einhverju sem er ekki alveg skýrt.
14. Það þarf að efla getu sveitarfélaga til að vinna að eigin áhættugreiningum og viðbragðsáætlun, en sú sérfræðiþekking kemur ekki frá lögreglunni.

Tillaga að bæta við sérgrein um sveitarfélög

15. Hafa sérstaka grein um hlutverk sveitarfélaga.
 - Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki þegar samfélagsröskun verður.
 - Þau eru að störfum í mörg á eftir að almannaþingastigi hefur verið aflétt.
 - Nauðsynlegt að þau hafi áætlanir um hvernig þau ætla að vinna.
 - Efla þarf sveitarfélögin til að sinna sínum verkefnum.
16. Gera meira úr þessu í sveitarstjórnarlögum?

Selfossi, 4. maí 2021,
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

Gísli Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri

Selfossi, 12. apríl 2021
2103376

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 622. mál.

Á fundi bæjarráðs Árborgar 8. apríl sl. var tekið fyrir erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 622. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar telur breytingarnar í frumvarpinu óheppilegar og til þess fallnar að ábyrgð og valdsvið sveitarstjórna og almannavarnanefnda verði óskýrari.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ellen Mjöll Magnúsdóttir Hlíðberg
þjónustufulltrúi

**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**

Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Umsögn Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, 622 mál (almannavarnarstig o.fl.).

Með tölvupósti dags. 27. mars sl. fékk Vegagerðin til umsagnar framangreint frumvarp til laga um breyting á lögum um almannavarnir nr. 82/2008. Með frumvarpinu er leitast við að efla almannavarnir, m.a. með því að styrkja valdheimildir Ríkislögreglustjóra með tilliti til mismunandi viðbragðsstiga og tryggja að enginn vafi leiki á um hlutverk viðbragðsaðila þegar almannavarnarstigi hefur verið lýst yfir.

Síða 1/2

Með frumvarpinu er lagt til að í 3. gr. verði nafni almannavarnar- og öryggismálaráðs breytt í *almannavarnarráð*. Breytingin er lögð til með það í huga að leggja áherslu á tilgang ráðsins sem samráðsvettvangs um málefni almannavarna. Þá eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 3. gr. laganna sem fela í sér að stefna stjórnvalda í almannavarnamálum sem mörkuð er af almannavarnaráði skuli mörkuð til fimm ára í senn í stað þriggja ára. Að fenginni reynslu sem komin er á framkvæmd laga um almannavarnir er þriggja ára gildistími talinn óþarflega skammur tími.

Með 3. gr. frumvarpsins er lög til sú breyting á ákvæði 4. gr. laganna um skipan almannavarnarráðs að þar eigi sæti ráðherra er fer með samgöngumál. Breytingin er gerð í ljósi mikilvægis samgangna með tilliti til almannavarna og tekur Vegagerðin undir það mat.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við bætist ný grein, 19. gr. a., sem ber yfirskriftina *Borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila*. Breytingin felur í sér að efni bráðabirgðaákvæðis II um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna sem upphaflega var bætt við lögin með lögum nr. 27/2020 verði varanleg heimild. Er breytingin lögð til m.a. í ljósi reynslu af beitingu ákvæðisins í tengslum við ráðstafanir sem grípa hefur þurft til vegna COVID-19, s.s. samkomubanns, tveggja metra reglu og margs konar annarra takmarkana til að bregðast við faraldrinum. Ákvæðið hefur þýðingu meðal annars til þess að unnt sé með fúmlausum hætti að tryggja almannaþjónustu á hættustundu og er þá horft til farsóttta sambærilegra við COVID-19 en einnig þegar hættu- eða neyðarástand skapast vegna annars konar almannavarnaástands s.s. vegna náttúruhamfara.

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin er fylgjandi þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um almannavarnir í frumvarpinu og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift

Bergþóra Þorkelsdóttir